

**Ed. 349. Frumvarp til laga [158. mál]**  
um breyting á lögum nr. 4 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd“ komi: 7 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fyrri hluta þessa þings var samþykkt sú breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, að hámarkstala þingmanna í nefndum í deildum var hækkuð í 7. Samtímis var tala þingmanna í kjörbréfanefnd hækkuð í 7.

Til samræmis við þessar breytingar þykir rétt að fjölga einnig þingmönnum í þingfararkaupsnefnd í 7.